

Umhverfis-, Orku- og Loftslagsráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 4. október 2023

## Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um Náttúruverndar- og minjastofnun

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreind áform og vísa í umsögn sína frá 13. júní um sameiningu stofnanna þar sem fram koma fram ábendingar um frekari útfærslur.

### Ekki tekið tillit til fyrri athugasemda frá Landvernd

Ekki er að sjá að tekið hafi verið tillit til þessara áherslna frá samtökunum við vinnslu frumvarpsins og er það miður.

- Frumvarpið er ekki unnið á grunni náttúruverndarlaga nr. 60/2013
- Ekki er minnst á hlutverk stofnunarinnar við að uppfylla alþjóðasamninga er varða náttúruvernd.
- Í frumvarpinu er einungis tekið fram að starfsmenn núverandi stofnanna gangi fyrir en ekki að þeim verði tryggt starf. Er því hætt á að þekking, reynsla og aðhald tapist. Starfsmenn stofnananna sem fyrirhugað er að sameina vinna að mjög beinum hætti að náttúruvernd, svo sem með landvörslu og umsjón með friðuðum svæðum. **Landvernd vill vara við því að skorið sé niður í þessum málaflokki en bent hefur verið á ítrekað að nú þegar er undirmönnun og skortur á fjármagni í málaflokknum.**
- Ekki er minnst á hlutverk stofnananna varðandi þjóðlendur, landgræðslusvæði, þjóðskógar og ríkisjarðir með hátt náttúruverndargildi.
- Óskýrt er hvernig samstarf og samvinna við aðrar stofnanir á sviði náttúruverndar verði háttáð.

### Stjórnsýsluhlutverk óskýrt og óskilgreint

Þau leiðu mistök hafa orðið við gerð frumvarpsdragana að ekki er tiltekið í fyrstu greinum þeirra að um stjórnsýslustofnun er að ræða. Umhverfisstofnun hefur skýrt stjórnsýsluhlutverk og þau náttúruverndarverkefni sem nú eru hjá Umhverfisstofnun en eiga nú að heyra undir nýja stofnun eru þess eðlis að mjög skýrt umboð stofnunarinnar þarf að liggja fyrir til þess að bregðast við t.d. brotum á friðlýsingarskilmálum. Því leggur Landvernd til að 1. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

*Hlutverk.*

*Náttúruverndar- og minjastofnun er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra. Náttúruverndar- og minjastofnun fer með stjórnsýslu og eftirlit sem og önnur verkefni á sviðum náttúruverndar og sjálfbærrar þróunar, menningarminja, friðlýstra svæða þ.m.t. þjóðgarða, vernd villtra fugla og spendýra og veiðistjórnunar. Stofnunin skal í starfsemi sinni vinna að markmiðum þeirra laga sem*

*hún starfar eftir og stefnu stjórnvalda á þeim málefnasviðum sem um ræðir. Auk þess sinnir stofnunin samhæfingu í skipulagi svæðisbundinnar stjórnunar og verndar.*

Þá telur Landvernd nauðsynlegt eins og áður sagði að tiltaka sérstaklega að stofnunin starfi skv. Náttúruverndarlögum.

### **Skipun í svæðisráð**

Í skipun svæðisráða er umhverfisverndarsamtökum úthlutað áheyrnaraðild en hingað til hafa þau átt fullt sæti í svæðisstjórn. Er rökstuðningurinn sá að ekki talist eðlilegt að fulltrúar hagsmunasamtaka taki ákvarðanir sem snúa að stjórnunarhlutverki ráðsins. Er Landvernd mjög ósammála þessu þar sem markmið með þjóðgörðum og friðlýstum svæðum eru að vernda náttúruna og því er mikilvægt að samtök sem standa vörð um hagsmuni náttúrunnar fái sæti í ráðunum.

### **Valdheimildir teknar frá Þingvallanefnd og færð til ráðherra**

Í lögum um Þingvallapjóðgarð eru valdaheimildir Þingvallanefndar afnumdar og þeim gefinn tillöguréttur til Ráðherra. Þetta varðar setningu regla innan þjóðgarðsins, varðandi lausagöngu búfjár og reglur um búskap á bújörðum sem eru í byggð innan þjóðgarðsins. Reglur til að framfylgja ákvæðum um vatnsvernd innan þjóðgarðsins eru alfarið settar í hendur Ráðherra án tillöguréttar Þingvallanefndar. Ekki er ljóst hvers vegna valdið er tekið af nefndinni og falið Ráðherra. Landvernd vill benda á að stjórnunar og verndaráætlanir skuli vera faglegar og er hér tækifæri til þess að koma því við á Þingvöllum. Að færa valdið frá nefnd og til ráðherra er afturför að mati Landverndar.

### **Nýting fjármagns verði meira í takt við áherslur**

Í greinargerð er greint frá því að sameiningin verði til þess að nýting fjármagns verði meira í takt við áherslur. Óljóst er hvaða áherslur þetta á við og hvernig þessum markmiðum verði náð fram. Landvernd vill undirstrika hve mikilvægt er að stofnanir á borð við náttúruverndar- og minjastofnun geti starfað sjálfstætt og áherslur stofnunarinnar skuli alltaf vera fyrst og fremst náttúruvernd.

### **Að lokum**

Landvernd fagnar áformum sem miða að því að einfalda, auka skilvirkni, samræma ásýnd, hafa yfirsýn, nýta samlegð og þar með efla náttúruvernd í landinu. Landvernd telur hins vegar ekki hafa tekist nægilega vel til í þessu frumvarpi og leggur til að frumvarpið verði unnið upp á nýtt á grunni náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

*Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður*